



Tíminn sem ég man eftir: Ávinningur nemenda af þátttöku í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar

Jóna Guðrún Jónsdóttir og Rannveig Björk Porkelsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Markmið rannsóknarinnar sem þessi grein byggir á var að stuðla að aukinni þekkingu á listkennslu og skoða hvaða áhrif þátttaka í verkefni eins og Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar, hefur á líðan og sjálfsmynd ungmenna. Jafnframt var markmiðið að skoða áhrif Skrekks á skólabrag og skólamenningu. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð. Tekin voru sextán viðtöl, átta við rýnihópa nemenda á unglingastigi og átta viðtöl við kennara og skólastjórnendur, úr fimm skólum. Einnig var fylgst með nemendum á úrslitakvöldi Skrekks í Borgarleikhúsinu. Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós að þátttaka í Skrekk hafði jákvæð áhrif á líðan og sjálfsmynd ungmenna, sér í lagi þegar þau fengu tækifæri til að vinna út frá eigin reynslu í námi og lýðræðislegum gildum. Einnig leiddu rannsóknin í ljós að þátttaka í Skrekk hefði góð áhrif á skólasamfélagið þar sem mikil liðsheild skapaðist í kringum keppnina. Nemendur kynntust þvert á árganga og í ljós kom að þeir litu á þátttöku sína sem afar dýrmætan tíma þar sem þeir söfnuðu jákvæðum minningum. Þeir sögðu það hafa aukið stolt þeirra að taka þátt, jafnt þátttakenda sem áhorfenda þátttökuskóla, og þeirra nemenda sem fylgdust með úr fjarlægð. Þannig urðu þátttakendur og áhorfendur hluti af Skrekks-samfélaginu þar sem félagsleg tengsl mynduðust auk menningar- og samfélagslegra þátta sem höfðu áhrif á skólasamfélagið í heild. Á þann hátt urðu listirnar þáttur í reynslunámi nemenda.

Efnisorð: Listgreinar, leiklist, reynslunám, lýðræði, skólasamfélag

Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið í menntamálum á Íslandi síðustu áratugi. Menntastefnan sem birtist í *Aðalnámskrá grunnskóla* frá 2013 leggur áherslu á sex grunnþætti menntunar, en þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þar segir m.a.: „Grunnskólinn á að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna og búa þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 36). Segja má að viss bylting hafi átt sér stað í íslensku grunnskólakerfi í kjölfar nýju aðalnámskrárinnar þar sem reynt var að aðlaga hana breyttu samfélagi og heimsmynd sem leggur meðal annars aukna áherslu á velferð og lýðræði. Þegar grunnþættir menntunar eru skoðaðir nánar má sjá að hlutverk grunnskólanna er mjög yfirgripsmikið, ekki aðeins varðandi það sem snýr að náminu sjálfu heldur einnig, og ekki síður, ýmsum þáttum er lúta að alhliða þroska einstaklingsins, andlegum og líkamlegum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Til að takast á við áskoranir nútíma menntunar þarf skólakerfið fjölbreytt tæki og tól til að koma til móts við nemendur. Menntunar- og námskráfræðingurinn Elliot W. Eisner (2002) bendir á mikilvægi innsæis og ímyndunarafls í listum. Hann telur að þeir þættir, samhliða því að nemendur tileinki sér nýjar aðferðir og leiðir til að leysa viðfangsefni á skapandi hátt,

geti komið skólakerfinu til góða (Eisner, 2002). Á hverju skólaári býður Reykjavíkurborg nemendum í grunnskólum borgarinnar að taka þátt í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar. Keppnin er undirbúin í samstarfi félagsmiðstöðva og grunnskólanna sem taka þátt og er hún haldin árlega í Borgarleikhúsinu. Í Skrekk þróa og skapa nemendur atriði, að hámarki sjö mínútur, frá hugmynd til leiksýningar, sem eflir sköpunargáfu þeirra. Einnig þjálfa þeir samvinnu og styrkja sjálfsmynd sína og samkennd, auk þess að víkka sjóndeildarhring sinn. Þá styrkir þátttakan enn fremur skólasamfélagið í heild sinni, samhliða því að auka samstarf skóla og félagsmiðstöðva (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2014). Markmið rannsóknarinnar sem þessi grein byggir á er að stuðla að aukinni þekkingu á listkennslu og skoða hvaða áhrif þátttaka í verkefni eins og Skrekk hefur á líðan og sjálfsmynd ungmenna. Jafnframt er skoðað hvaða áhrif Skrekkur hefur á skólabrag og skólamenningu þátttökuskóla.

Viðfangsefni og rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

Hvernig telja ungmenni að þátttaka í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar, tengist líðan þeirra og sjálfsmynd?

Hver er birtingarmynd þátttöku í Skrekk á skólasamfélag þátttökuskóla?

Greinin er þannig uppbyggð að fyrst er gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni. Næst er framkvæmd rannsóknar lýst og síðan er fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Loks eru niðurstöður dregnar saman og túlkaðar.

Bakgrunnur verkefnisins

Hér verður fræðilegur bakgrunnur verkefnisins kynntur. Fjallað verður um Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar, og hvað felst í hugtökunum reynslunám og lýðræði. Einnig verður fjallað um mikilvægi listgreinanna leiklist, tónlist og dans í almennu skólastarfi.

Reynslunám og lýðræði í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar

Markmið *Skrekks*, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar, er að nemendur á unglíngastigi vinni að því að skapa atriði, að hámarki sjö mínútna langt, frá hugmynd til sýningar. Keppnin er undirbúin í samstarfi félagsmiðstöðva og grunnskóla Reykjavíkurborgar. Sá háttur er hafður á að verkefnið er yfirleitt í vali á unglíngastigi, ýmist í 9.–10. bekk eða 8.–10. bekk, allt eftir áherslum skólanna, svo allir sem vilja geta tekið þátt. Nemendur vinna að verkefninu frá byrjun skólaárs fram í nóvember eða fram að keppni sem haldin hefur verið í Borgarleikhúsinu síðustu ár. Þeir grunnskólar er taka þátt sjá um að ráða leiðbeinanda eða kennara, einn eða fleiri, til að hafa yfirumsjón með Skrekkshópnum en einungis 35 nemendur mega keppa frá hverjum skóla, þó að fleiri nemendur komi oft að verkefninu innan hvers skóla meðan á æfingaferlinu stendur. Í skýrslu Skóla- og frístundasviðs (2014) kemur fram að með þátttöku sinni fái nemendur nám í formi reynslu þar sem þeir spegla sig í því samfélagi sem þeir búa í á skemmtilegan og áhrifaríkan hátt. Allir tilheyra þeim hópi sem starfar að því sameiginlega verkefni að skapa atriði fyrir keppnina. Í skýrslunni segir einnig að markmið keppninnar sé að nemendur efla sköpunargáfu sína og þjálfi samvinnu ásamt að styrkja sjálfsmynd sína og samkennd og efla skólasamfélagið í heild. Í Skrekk fá nemendur einnig tækifæri til að kljást við fjölbreytt og skapandi verkefni með virkni, frumkvæði og sköpun að leiðarljósi. Auk þess gefur verkefnið unglíngum í grunnskólum Reykjavíkurborgar kost á að taka þátt í frístundastarfi þar sem meðal annars er lögð áhersla á virka þátttöku, lýðræði og reynslunám (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2014).

Segja má að heimspekingurinn og menntunarfræðingurinn John Dewey hafi verið upphafsmaður reynslunáms en hann lagði mikla áherslu á að nemendur lærðu í gegnum reynsluheim sinn, í gegnum verklegt ferli þar sem nemendur fyndu sambengi milli athafna og afleiðinga og lærðu þannig af reynslunni (Dewey, 2000; Jóhanna Einarsdóttir, 2010; Ólafur Páll Jónsson, 2010, 2011). Dewey

taldi menntun vera félagslegt ferli sem byggði á jákvæðri og lýðræðislegri reynslu og ætti að vera tengt námsefninu. Hann sagði mikilvægt að auk hefðbundinna námsgreina tileinkuðu nemendur sér sjálfstæði í hugsun og viðhorfum. Nám átti að vera nemendamiðað og nemendur hvattir til þátttöku í eigin námi þar sem reynsla þeirra væri metin að verðleikum. Dewey sagði að reynslan ætti að vera tengd námsefninu sem myndi auka jákvæða upplifun nemenda af námi og verða þeim hvetjandi reynsla sem styrktist í endurtekningu til framtíðar. Hlutverk kennarans væri að búa til skapandi og lýðræðislegar aðstæður þar sem hver og einn einstaklingur fengi að eflast og þroskast út frá eigin reynslu til framtíðar. Hugtakið lýðræði var einnig samofið hugmyndum Deweys um menntun þar sem skólinn var hluti af stærra samhengi samfélagsins. Hann taldi lýðræði liggja í einstaklingnum sjálfum, í samvinnu einstaklinga, félagslegum tengslum hans og samspili við samfélagið sem hann tilheyrir þar sem ólíkir hópar samfélagsins mynduðu tengsl, ynnu saman og lærðu hver af öðrum (Dewey, 2000). Hann taldi lýðræði vera opið samfélag þar sem fólk af mismunandi uppruna ætti samskipti og ynni saman til að skilja og efla menntunarsamfélag sitt. Menntun væri mikilvægur þáttur í lýðræðislegu samfélagi, þar sem ólíkir nemendur ynnu saman til að öðlast meiri víðsýni og hæfni og auka þannig möguleika sína á að byggja nám á nýrri reynslu (Dewey, 1916; Jóhanna Einarsdóttir, 2010; Ólafur Páll Jónsson, 2010). Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir (2012) benda einnig á að lýðræði í skólasamfélagi feli meðal annars í sér gildi eins og virkni, hlustun, skapandi hugsun, gagnkvæma virðingu, gagnrýna samræðu, þátttöku og jafnrétti (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

Mikilvægi listgreina

Prófessor Mike Fleming (2012) segir listir auka skilning fólks á heiminum; þær geti breytt ríkjandi hugmyndafræði og víkki sjóndeildarhring þess. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að kennsla í listum sé ekki aðeins til þess að nemendur geti tjáð sig með listsköpun heldur verði þeir að fá tækifæri til að skoða og meta listir frá mörgum sjónarhornum. Þannig verði til aukin þekking í gegnum reynslu og skilning. Því hefur verið haldið fram að listir séu umbreytandi á marga vegu þar sem efniviðurinn er í stöðugri þróun. Hugmyndir umbreytast í veruleika og samvinnan umbreytir manneskjunum sem taka þátt þar sem veruleikinn er dreginn í efa og endurhugsaður. Þannig á sér stað félagsleg umbreyting í gegnum listir (Anderson, 2012; Neelands, 2015). Eisner (2002) telur eðli lista m.a. vera að skoða efni frá mismunandi sjónarhornum, að kynna sér fleiri en eina lausn á hverju viðfangsefni þar sem ekkert eitt svar er endilega réttara en annað. Auk þess telur Eisner að listsköpun geti kennt fólki að innri vellíðan og ánægja skipti máli í þekkingarleit og sé hvati þess að það taki sér eitthvað fyrir hendur. Með aðstoð lista er hægt að kenna nemendum að leita innri ánægju í gegnum verkefni sín í stað þess að vinna á vélrænan hátt þar sem einkunnir verða miðpunkturinn (Eisner, 2002). Í rannsókn Rannveigar Bjarkar Þorkelsdóttur (2016), dósentis í leiklistarkennslu við Háskóla Íslands, kemur fram að listir hafi einnig áhrif á samfélag skóla og skólabrag. Skólástjórnendur sem tóku þátt í rannsókninni litu á þátttöku nemenda í leiklist sem ávinning fyrir allt skólasamfélagið þar sem ólíkir nemendur þurftu að vinna saman auk þess sem þeir töldu listirnar efla skapandi hugsun nemenda (Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2016). Jonothan Neelands (2015), prófessor við Háskólanum í Warwick, Bretlandi, er sama sinnis og segir að listir geti haft breiða skírskotun til lífs fólks og samfélags í formi umbreytinga.

Michael Anderson (2012), prófessor við háskólann í Sydney í Ástralíu, heldur því fram að leiklist sé einstakt tæki til að nota í kennslu þar sem hún sameinar bæði líkamlega og andlega þekkingu og sköpun. Kennarar hafi þar öflugt tæki til að umbreyta nemendum og nútímavæða skólakerfið í takt við síbreytilegt samfélag. Rannveig Björk Þorkelsdóttir (2016) tekur í svipaðan streng og telur að nemendur í leiklist þroski tilfinningar sínar í gegnum samkennd og sjálfsstjórn. Þeir efla sjálfstraust sitt og sköpunarkraft og þroski tjáningu sína auk þess sem þeir nái að styrkja félagslega hæfni sína og samvinnu. Hún segir sérstöðu leiklistar meðal annars felast í að hún vinni jöfnum höndum með vitsmuni, sköpun og líkamlegt atgervi. Þannig sé hún umbreytandi og geti styrkt samfélagslegan og tilfinningalegan þátt nemenda (Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2016). Fleming (2006) heldur því fram að leiklist geti byggt brýr milli ólíkra einstaklinga og menningarheima í sífellt fjölbreytilegri

nemendaflóru með því að þroska skilning, viðhorf og mismunandi gildi. Með því að setja sig í spor annarra og spegla sig í aðstæðum þeirra geta nemendur kynnst ólíkri menningu þar sem þeir fá tækifæri til að skoða eigin sjálfsmynd og hvernig aðrir skynja þeirra veruleika. Þannig getur leiklistin líkt eftir raunverulegum heimi og gefið nemendum færi á að skoða tilfinningar sínar (Fleming, 2006). Í gegnum leiklist þurfa nemendur að taka sjálfstæðar ákvarðanir og treysta eigin dómgreind. Þeir þurfa að vera samningaliprir og bera virðingu fyrir öðrum nemendum og umhverfi sínu (Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2018).

Söngur og dans hefur löngum verið mikilvægur í samfélagslegum tilgangi til að efla samkennd og samstöðu þar sem taugaboðefnið endorfín losnar úr læðingi (Dunbar o.fl., 2012). Í grein Helgu Rutar Guðmundsdóttur (2010), prófessors í tónlistarkennslu við Háskóla Íslands, kemur fram að ungbörn kynnist félagslegum samskiptum í gegnum tónlist jafnvel áður en þau geta tjáð sig með orðum. Hún bendir einnig á mikilvægi tónlistar við hin ýmsu tilefni þar sem tónlist sameinar fólk í félagslegu samhengi. Helga segir jafnframt í grein sinni að tónlist sé mannum eðlislæg allt frá fornu fari og hafi átt þátt í að móta fólk sem manneskjur löngu áður en tungumálið varð til. Í því ljósi ætti tónlist að geta þroskað manneskjur þvert á hina hefðbundnu tónlistarhefð. Tónlistarkennararnir Ardene Shafer og Michael Blakeslee (2000) benda á að ávinningur tónlistarnáms sé samfélagslegur og þekkingarfræðilegur auk þess sem tónlistarnám eflir námsgetu og samskiptahæfni og ýti undir velgengi í lífinu. Shafer og Blakeslee (2000) segja jafnframt að rannsóknir hafi sýnt fram á að tónlistarnám hafi áhrif á þroska heilans í formi aukinnar hæfni í rökhugsun. Ella Wilcox (2000), ritstjóri útgáfudeildar The National Association for Music Education, er sama sinnis og segir að tónlistarnám auki sjálfstraust og námsgetu og hafi jafnframt jákvæð áhrif á leiðtogahæfileika barna og næmi þeirra. Katrina McFerran (2012), prófessor við Háskólann í Melbourne, Ástralíu, heldur því fram að tengsl unglunga við tónlist séu mikilvægur þáttur í að þeir uppgötvi sjálfsmynd sína þar sem þeir fá tækifæri til að mæta þroska sinn við þær tilfinningar sem tónlistin veður, bæði sem einstaklingar og hópur.

Samkvæmt hugmyndum danskennarans Shlomit Ofer (2015) er dans list líkamans þar sem hreyfing sé tungumál tjáningar og samskipta. Auk þess geti dans verið öflugur hvati til sjálfsprottinnar tjáningar, bæði einstaklings- og félagslega. Prófessor Ann Kipling Brown (2015), við Regina-háskólann í Kanada, segir dansinn efla hugræna þjálfun í gegnum líkamann og vinnu með táknmyndir. Sheryle Bergmann (1995), prófessor við Háskólann í Manitoba, Kanada segir að oft sé litið á dans sem hluta af íþróttum í skólum. Dans snúist um að tjá hið innra sjálf, hugsanir og tilfinningar í gegnum hreyfingu sem geti styrkt sjálfstraust nemenda. Undir þetta tekur Tone Østern, prófessor í dansi við Norska tækni- og vísindaháskólann (NTNU) (2015), sem bætir við að líkaminn sé hluti af fræðilegum vettvangi náms og þekkingar. Østern vill meina að menntakerfið sé ekki búið að viðurkenna þá nálgun þar sem skólustofur séu enn fullar af stólum og borðum og listgreinar ekki enn orðnar kjarni allrar menntunar. Østern og Philip Channells (2016) leggja áherslu á að nemandinn taki þátt í eigin námi með gagnrýnu hugarfari og leitist við að skapa nýja þekkingu með því að spegla hana í fyrri reynslu og þekkingu. François Victor Tochon (2010), prófessor við Háskólann í Wisconsin-Madison, er á sama máli og segir að menntun verði að byggja á verkefna- og nemendamíðuðu námi þannig að nemandinn vilji leysa verkefnið með áhuga og jákvæðni að leiðarljósi. Þannig nái nemandi að vinna verkefni af líkama og sál. Með því að fara í gegnum skapandi ferli með dans og hreyfingu nær nemandi að vinna á dýptina. Þannig opnar hann á tilfinningar og reynslu svo að öll þekking umbreytist og nám verður til (Østern og Channells, 2016).

Framkvæmd rannsókna

Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknarhefð og fellur undir tilviksrannsókn. Eigindleg rannsóknarhefð felur í sér að safna gögnum um reynslu og upplifun þeirra sem verið er að skoða ásamt að greina gögnin og túlka (Lichtman, 2013; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Eigindlegar rannsóknir byggja meðal annars á viðtölum þar sem unnið er út frá túlkunarhyggju (e. interpretivism) sem leggur áherslu á verufræði og reynsluheim fólks. Horft er til þess að einstaklingar séu félagslegir gerendur í eigin lífi og eigi sér sínar hugsanir, viðhorf, væntingar og þrjár (Helga Jónsdóttir, 2013). Í

tilviksrannsóknnum er verið að varpa ljósi á einstök tilvik, einingar eða aðstæður þar sem stuðst er við athugun á vettvangi, auk viðtala, til að öðlast sem bestan skilning á tilvikinu. Tilviksrannsóknir leitast við að skoða hegðun, eiginleika eða einkenni einstakra hópa (Lichtman, 2013). Í þessari rannsókn var sjónum beint að einu tilviki, þ.e. Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar, og lögð megináhersla á upplifun og sýn nemenda á þátttöku í Skrekk auk viðhorfa skólastjórnenda og kennara til áhrifa verkefnisins á skólasamfélagið.

Þátttakendur, gagnasöfnun og greining

Þátttakendur í rannsókninni voru ungmenni í fimm grunnskólum á aldrinum 13–15 ára sem tóku þátt í hæfileikakeppni Skrekks haustið 2019 ásamt stjórnendum og kennurum þátttökuskóla. Auk þess tók þátt skólastjórnandi í einum skóla sem ekki var með þátttökulið í Skrekk þetta árið en hafði reynslu af þátttöku frá fyrri árum. Að vori 2019 voru skrifuð bréf til skólastjórnenda grunnskóla Reykjavíkurborgar og þeim skólum sem ætluðu að taka þátt í Skrekk að hausti boðin aðild að rannsókninni. Sex skólar svöruðu og var fastbundið að bjóða þeim öllum til þátttöku haustið 2019. Í samráði við skólastjórnendur var ákveðið að kennari hvers Skrekks hóps myndi bjóða þeim nemendum er það vildu að taka þátt í rýnihópum rannsóknarinnar en samtals voru tekin átta rýnihópaviðtöl við nemendur. Einnig voru tekin átta einstaklingsviðtöl við kennara og stjórnendur en þeir síðarnefndu höfðu milligöngu um að hafa samband við þá kennara sem tóku þátt en þeir komu allir að verkefni Skrekks. Allir þátttakendur voru aðilar að rannsókninni frá upphafi til enda.

Gagnaöflun fól í sér viðtöl við þátttakendur sem henta vel sem gagnasöfnunaraðferð þar sem reynsla, líðan og upplifun fólks er skoðuð. Í þessari rannsókn var notast við opin viðtöl eða djúpvíðtöl sem fela í sér ferli eða flæði á milli rannsakanda og þátttakanda (Lichtman, 2013). Tekin voru viðtöl við nemendur í rýnihópum til að fá fram margvísleg viðhorf út frá sameiginlegri reynslu, tilfinningum og gildum þátttakenda gagnvart viðfangsefni rannsókna. Rýnihópaviðtöl geta auk þess stuðlað að breidd í umræðu þar sem einstaklingarnir fá stuðning hver af öðrum í gegnum félagsleg samskipti innan hópsins (Sóley S. Bender, 2013).

Öll viðtöl voru tekin upp og afrituð orðrétt þar sem öllum nöfnum þátttakenda og skóla var breytt og persónueinkenni máð út (Lichtman, 2013). Við skráningu gagna var hver skóli skilgreindur með bókstaf frá A til F, til að gæta ýtrustu nafnleynar, og hver nemandi með tölustaf frá einum upp í sjö í hverjum rýnihóp eftir fjölda nemenda í hverjum hópi.

Rannsóknin fól einnig í sér athugun á vettvangi þar sem fylgst var með ungmennum á úrslitakvöldum þátttökuskóla í Borgarleikhúsinu. Rannsakendur sátu úti í sal sem óvirkir þátttakendur, fylgdust með áhorfendum úr fjarlægð og skráðu hjá sér það sem þeir heyrðu og sáu. Einnig var fylgst með þátttakendum á vettvangi hæfileikakeppninnar, baksviðs í Borgarleikhúsinu, og sama aðferðafræði notuð við skráningu gagna og hjá áhorfendum (Lichtman, 2013).

Öll gögn voru greind með opinni kóðun og lesin ítrekað, þar sem leitað var eftir mynstrum og þemum. Við greiningu á gögnum var byggt á aðleiðslu. Í því felst að rannsakandinn gerir sér í hugarlund hverjar niðurstöður geti orðið. Hann greinir og les því í gögnin sem hann aflar og finnur mynstur og þemu sem hann dregur síðan ályktanir af og setur fram sem niðurstöður (Lichtman, 2013).

Síðferðileg álitamál

Þátttakendur fengu allir kynningu á tilgangi og markmiði rannsókna áður en hún hófst til að geta tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Einnig var þess gætt að fá upplýst og óþvingað skriflegt samþykki þátttakenda eða forráðamanna þátttakenda þar sem skýrt kom fram að þátttakendur gætu hvenær sem er dregið sig út úr rannsókninni og að öllum gögnum yrði eytt að rannsókn lokinni (Sigurður Kristinsson, 2013). Þar sem ungmenni áttu aðild að rannsókninni var sótt um leyfi til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og upplýsingar sendar Vísindasiðanefnd HÍ til umsagnar,

sem ekki gerði athugasemd. Jafnframt var sent kynningarbréf til foreldra þeirra ungmenna sem tóku þátt þar sem þeir voru beðnir að samþykkja þátttöku barna sinna í rannsókninni. Leitast var við að gera ungmenni rannsóknarinnar að fullgildum þátttakendum þar sem hlustað var á sjónarmið þeirra og reynslu samkvæmt siðareglum HÍ í rannsóknum og þau beðin að skrifa undir upplýst og óþvingað samþykki fyrir rannsókninni þar sem fyllsta trúnaði var heitið. Þar sem rannsóknin er takmörkuð við einstakt tilvik getur reynst erfitt að leyna því í litlu samfélagi eins og hér á landi hvaða skóla er fjallað um. Því voru öll gögn gerð ópersónugreinanleg (Vísindasiðareglur Háskóla Íslands, 2014) og vísbendingar um nöfn skóla eða þátttakenda fjarlægð úr beinum tilvitnunum.

Niðurstöður

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og vísað í viðtölin þeim til stuðnings. Settir voru fram þrjú efnisflokkar sem voru lýsandi fyrir gögnin: 1) Reynslunám. 2) Lýðræði; undirþemu fyrstu tveggja efnisflokka eru félagsleg tengslamyndun og sjálfsefning. 3) Áhrif listgreina á skólasamfélagið.

1) Reynslunám

Þátttakendur lýstu upplifun sinni og reynslu af þátttöku í Skrekk sem þeir töldu vera valdeflandi þátt í námi þar sem þátttaka hefði verið jákvæð og uppbyggjandi í gegnum félagsleg tengsl auk þess að hafa áhrif á skólasamfélagið í heild sinni. Í viðtölum kom fram að nemendur upplifðu sterkari félagstengsl með því að eiga í nánari og persónulegri kynnum við samnemendur. Þeir voru meðal annars ófeymari að ræða við samnemendur á göngum skólans og þorðu frekar að viðra hugmyndir sínar innan Skrekkshópsins og tala um hvernig þeim liði. Þeir kynntust á annan og nánari hátt en í kennslustundum þar sem hin „hefðbundnu“ bóklegu fög eru kennd. „... Þetta er ógeðslega gaman og þú kynnist krökkunum, sem þú ert alltaf með á hverjum degi, sem þú þekktir ekkert.“ Nemendur voru einnig sammála um að þessi reynsla skapaði dýrmætar minningar til framtíðar eins og einn nemandinn lýsti á eftirfarandi hátt: „Þetta eru líka öll árin sem við munum muna eftir.“ Það kom einnig skýrt fram að nemendur sáu tækifæri í að kynnast mismunandi einstaklingum og hópum til framtíðar og efla félagstengsl sín þvert á árganga; þeir upplifðu þetta sem mjög mikilvægan þátt í ferlinu:

Það er nefnilega það sem er svo skemmtilegt við Skrekk, við getum tengt við til dæmis 06 [ungmenni fædd árið 2006] sem enginn í tíunda bekk er eitthvað mikið í samskiptum við. Núna getum við tengt við þau og á göngunum getum við sagt hæ við þau og svona, í staðinn fyrir að þetta sé svona tíundi bekkur einn, áttundi einn og svo níundi. Þannig að þetta er svona meira samfélag, öll að tengja meira hvert við annað.

Nemendur upplifðu einnig mikla samstöðu í vinnu sinni varðandi Skrekk eins og fram kom hjá einum nemandanum: „Það eru allir bara að styrkja hver annan og halda með hver öðrum. Og hugsa ekki bara um sjálfa sig, líka hina.“ Annar þátttakandi talaði einnig um mikla samstöðu milli þátttökuskóla þar sem hann lýsti jákvæðu andrúmslofti og liðsheild: „Já, þau eru öll svona saman. Ég man líka þegar skóli C var að sýna þá voru allir að gera þetta á meðan allir hjá okkur voru að gera svona. Allir voru saman í því. Þetta tengir eiginlega alla saman.“

Í hópviðtali við ungmennin kom fram að þau upplifðu mikla gleði, traust og samkennd. Náin tengsl innan hópsins gegna stóru hlutverki í vinnunni í Skrekk ef vel á að takast til þar sem allir verða að vinna saman á uppbyggjandi hátt að sameiginlegu atriði: „Ég tók þátt í fyrra og mér fannst það ógeðslega gaman og ég varð nánari með öllum krökkunum og svona og það var gaman að koma saman og sjá alla hæfileikana hjá öllum og setja þetta saman og svona.“

Nemendur greindu einnig frá tilfinningalegri samstöðu sem gerði það að verkum að þeir voru óhræddari við að opna á tilfinningar sínar og prófa sig áfram án þess að vera dæmdir fyrir það. Þeir þorðu frekar að gera mistök og takast á um ólíkar hugmyndir því að ef einhver var stressaður kom

alltaf einhver til þeirra og knúsaði og hvatti áfram: „... Það hafa allir grátíð saman og allir hlegið saman og allir verið reiðir og pirraðir saman og allir gert það sama“. Einn nemandinn komst svo að orði: „Það myndast svona Skrekksfjölskylda. Það er alveg rosalega mikið traust í þessu.“ Annar nemandi bætti við: „... Af því að ég er mjög lokuð manneskja og með Skrekksatriði, það hjálpaði mér að tala meira og tala um hvernig mér líður við alla ...“. Nemendur lærðu að treysta hver öðrum í gegnum vinnuferlið sem efldi samvinnu þeirra og jákvætt viðhorf til verkefnisins, sjálfs sín og ekki síður til hver annars. Með samkennd og jákvæðu viðhorfi náðu nemendur sameiginlegu markmiði með því að leggja sig fram og sigrast á fyrirstöðum, hver með sínum hætti.

Í viðtölum við nemendur kom einnig fram að þátttaka í Skrekk hafði áhrif á sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd. Þeir sögðu að þátttakan byggði upp sjálfstraust og sjálfsmynd þeirra. Einn nemandinn sagði:

Maður svona byggir eiginlega svona sjálfstraust eða svona sjálfsmyndina sína, meira og meira upp. Þetta hjálpar manni svona, þegar þú ert á sviði þá ertu ótrúlega stressaður en þegar þú ferð svo út þá ertu bara ógeðslega ánægður með þig og ert bara vá, þetta átti að vera ógeðslega gott atriði og þetta var bara gott atriði!

Af framangreindu má sjá að þátttaka í Skrekk efldi traust og samkennd nemenda og hafði jákvæð áhrif á sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd. Gagnkvæmt traust getur þannig verið ein af forsendum velsældar og sjálfseflingar. Þátttaka í Skrekk styrkti nemendur á margan hátt þar sem þeir fengu tækifæri til að máta sig við féлага sína, sjálfsmynd þeirra batnaði og sjálfstraustið fór vaxandi.

2) Lýðræði

Þátttakendur lýstu hversu lærdómsríkt það hefði verið að vinna með öðrum í stórum hópi þar sem gildi lýðræðis voru höfð að leiðarljósi. Í rýnivíðtölum kom fram að ungmennin upplifðu íhlutun í eigin námi þar sem skipst var á skoðunum og miklar umræður fóru fram um atriði hópans. Einn nemandinn sagði: „Við ræðum mjög mikið og svona hugsum geðveikt mikið. Ræðum mjög mikið hvernig við viljum að atriðið verði ef við komum með hugmyndir og síðan veljum við bara.“ Greinilegt er að mikil áhersla var á samvinnu og samtal í Skrekksþópunum. Það var mikið lagt upp úr því að nemendur tækju tillit til mismunandi skoðana og lærðu að hlusta hver á annan af virðingu áður en komist var að niðurstöðu um innihald atriðisins og útfærslu. Þeir töluðu líka um að allir yrðu að vera rólegir eins og einn nemandi sagði:

Þetta tekur tíma og maður þarf að geta, þegar maður er með sínar skoðanir og vill tjá sig, maður hefur alveg rétt til þess en svo þegar einhver er ekki sammála þá þurfum við að tækla það og þá þurfa allir að vera rólegir af því að þetta tekur tíma. Lögð var áhersla að hver og einn kæmi með sínar skoðanir og hugmyndir og síðan var hægt að bæta inn í og taka út og þannig.

Misjafnt var hvernig unnið var að hugmyndavinnu atriðis Skrekks. Í einum skóla mynduðu nemendur mismunandi hópa eftir áhugasviði og hugmyndum og æfðu sitt atriði í tiltekinn tíma. Þegar því var lokið voru öll atriðin kynnt og besta atriðið kosið þar sem kennari og jafnvel utanaðkomandi aðili, sem oft var fyrrverandi Skrekksmeðlimur, völdu bestu hugmyndina. Síðan var sú hugmynd útfærð nánar af öllum hópnum og endaði á sviði Borgarleikhússins. Aðrir skólar lögðu áherslu á að vinna með öllum hópnum, saman, frá upphafi þar sem byrjað var á að velja upp ýmsum hugmyndum um innihald atriðis. Nemendur spunnu síðan út frá hugmyndunum og sýndu samnemendum sínum afraksturinn. Útkoma spunanna var síðan rædd og vegin í kjölfarið. Eftir þessa hugmynda- og spunavinnu kusu nemendur bestu hugmyndina sem var útfærð nánar og æfð fyrir keppnina. Einnig var sú lausn fengin hjá enn öðrum skólum, ef margar góðar hugmyndir fóru saman, að reyna að finna sameiginlegan flöt á nokkrum hugmyndum. Þær hugmyndir voru síðan sameinaðar í eitt atriði sem síðan var útfært og æft áfram eins og einn nemandi lýsti því svo vel: „Það voru eiginlega svona þrjár hugmyndir sem var blandað saman. Við kusum fyrst en svo virkaði það ekki alveg þannig að við ákváðum svona eiginlega bara að blanda þessu saman.“

Í viðtölum var nemendum tíðrætt um gleðina sem einkenndi vinnuna í Skrekk þar sem allir voru að vinna að sameiginlegu markmiði. Ungmennin fundu jafnframt til ábyrgðar og stólt að vera sjálf við stjórnvölinn þar sem þau sömdu atriðið sitt sjálf og þurftu þannig að standa og falla með eigin ákvörðunum og gjörðum í gegnum allt vinnuferlið eða eins og fram kom hjá einum nemandanum: „Þetta er ógeðslega gaman. Bara hópefli eða svona hópsamvinna er geggjáð gaman. Og það er líka gaman að vera með hugmynd og sjá hana gerast.“

Nemendum þóttu yfirleitt sjálfsgöð og eðlileg lýðræðisleg vinnubrögð sem byggja meðal annars á virkni og virðingu þar sem ólíkir einstaklingar mynda tengsl og læra hver af öðrum, eða eins og nemandi sagði: „Það var lögð mikil áhersla á að hver og einn kæmi með sínar skoðanir og hugmyndir og síðan var hægt að bæta inn í og taka út og þannig.“ Annar nemandi bætti við: „Já, skipta okkur í svona hópa og við vorum svona að ‚brainstorma‘ hvaða hugmyndir við vildum gera. Svo kom bara ein hugmynd og svo vorum við bara að þróa hana.“

Eins og fram kemur hér að ofan einkenndist vinnuferlið af mikilli samvinnu og virðingu á jafnréttisgrundvelli þar sem hlustað var á raddir allra og nemendur þurftu að lokum að komast að sameiginlegri niðurstöðu þó að það gæti tekið tíma og reynt á þolinmæðina eins og áður segir. Nemendur, bæði sem einstaklingar og hópur, eflast og fyllast orku þegar þeir upplifa að hlustað sé á þá og ákvarðanir teknar á jafnréttisgrundvelli eins og fram kom í vettvangsathugun rannsakenda á úrslitakvöldi Skrekks: „Það er greinilega mikil spenna í loftinu og nemendur fullir tilhlökkunar að fá að standa á stóra sviði Borgarleikhússins. Nemendur hlaupa upp og niður stigana af óþreyju og gleði.“

3) Áhrif listgreina á skólasamfélagið

Þegar áhriflistgreina á skólasamfélagið eru skoðuð má sjá að bæði nemendur og kennarar litu á þátttöku nemenda í Skrekk sem ávinning fyrir allt skólasamfélagið, þar sem nemendur á unglingastigi taka beinan og óbeinan þátt, annaðhvort sem þátttakendur eða stuðningsaðilar. Eins þurftu þátttakendur í Skrekk að vinna saman þvert á árganga og töldu kennarar listirnar efla skapandi hugsun nemenda þar sem efniviðurinn væri í stöðugri þróun. Einn kennarinn sagði:

Ég tel það [þátttöku í Skrekk] hafa mjög jákvæð áhrif. Aðallega hvað ferli varðar þá myndar það svona samvinnu og þau kynnast á milli árganga, þau temja sér svona ákveðna ábyrgðartilfinningu og vinnu, samvinnuhæfni, sem bara dreifist svo út í hópinn sem slíkan. Það myndast svona stemning fyrir þessu.

Nemendur fá tækifæri til að skoða efni út frá ólíkum sjónarhornum með því að prófa mismunandi hugmyndir í æfingaferlinu. Þeir fá að vinna með hugmyndir sínar og þurfa að hlusta og vinna með hugmyndir annarra. Þeir skoða fleiri en eina lausn á hverju viðfangsefni þar sem ekkert eitt svar er endilega réttara en annað. Skólastjórnandi sagði:

Ég held að Skrekkur sé tækifæri fyrir unglingana til að vinna á annan hátt en almennt skólastarf. Ég held að það sé tækifæri til þjálfunar í félagsfærni og frumkvæði og sköpun, eitthvað sem mætti vera meira af í skólastarfi.

Þátttaka í Skrekk gengur út á samvinnu og lýðræðisleg vinnubrögð í gegnum listir. Samkvæmt kennara er aðalávinningur Skrekks tengslin sem myndast á milli áttunda, níunda og tíunda bekkjar og vinátta, jafnvel eftir að nemandi útskrifast. Með þátttöku í Skrekk ná nemendur að tengjast á annan hátt en þeir gera í valgreinum. Eins og fram kom hjá kennara hefur þátttakan áhrif út í skólasamfélagið, jafnt á ganginum eða úti í frímínútum. „Þá eru allt í einu einhver úr áttunda bekk og einhver úr tíunda bekk ágætis vinir af því að þau hafa verið saman í þessu fagi. Það skapast öðruvísi stemning heldur en í smíði eða myndmennt. Þau verða félagar á annan hátt.“ „Það er óhætt að segja að Skrekkur sé í grunninn bara ein stór lífsleiknisþrengja,“ sagði einn kennari. Í flestum þátttökuskólum er hefð fyrir því að sýna Skrekksatriðið fyrir alla nemendur skólans auk þess sem nemendur skólanna eiga þess kost að koma á úrslitakvöldin til að styðja sinn skóla. Þátttöku í Skrekk fylgir oft mikil gleði og ánægja. „Þau fóru heim úr leikhúsinu með það í augunum að þau unnu

Skrekk“. Nemendur ræddu atriði við kennara sinn þegar þau komu af sviði og þau fundu hvað salurinn tók vel við og hló og það var gleði, þau fundu að þau unnu salinn.

Stjórnendur og kennarar töldu aðild að Skrekk, hvort heldur í formi þátttakenda eða áhorfenda, mjög mikilvæga fyrir nemendur til að tengjast og kynnast listviðburðum í samfélagi sínu og þeir lögðu áherslu á að efla listkennslu og sköpunarkraft nemenda. Þeir kynntust því líka að upplifa hlutina á annan hátt sem áhorfendur að öðrum listviðburðum. Einn kennari tók undir mikilvægi þess að allir nemendur, hver sem bakgrunnur þeirra væri, kynntust samfélagi sínu í gegnum menningarviðburði, leikhús og listir.

Það hefur áhrif á skólasamfélagið að með starfi í Skrekk kynnast nemendur á annan hátt en í hefðbundnum kennslustundum og með því að horfa á leikatriði, hvort heldur í Borgarleikhúsinu eða í skólanum. Þeir sem vilja, fylgjast með af áhuga og forvitni auk áhorfenda sem flykkjast í Borgarleikhúsið til að styðja sinn skóla. Í vettvangsathugun rannsakenda kom fram að mikil spenna lá í loftinu á úrslitavöldi Skrekks: „Áhorfendur hafa komið sér fyrir með hvatningarspjöld og í mismunandi litum bolum eftir skólum. Það eru mikil læti og áhorfendur keppast við að kalla hvaða skóli er bestur.“

Af framangreindu má ljóst vera að þátttaka skóla í Skrekk hefur áhrif á skólasamfélagið í heild sinni. Þar er samkennd, samtakamætti og hvetjandi hugarfari gert hátt undir höfði. Nemendur vinna þvert á árganga að sameiginlegu markmiði sem gerir samskipti lipurri og jákvæðari.

Samantekt og umræða

Listgreinarnar auka skilning fólks á heiminum og geta breytt ríkjandi hugmyndafræði (Fleming, 2012). Listir eru umbreytandi á marga vegu þar sem efniviðurinn er í stöðugri þróun (Anderson, 2012; Neelands, 2015; Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2016). Í gegnum hugmyndafræði listgreina verður til aukin þekking, reynsla og skilningur á því samfélagi sem fólk býr í. Að auki eflir listsköpun innri ánægju, ásamt því að auka lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun. Markmið þessarar greinar er að stuðla að aukinni þekkingu á listkennslu og kanna hvaða áhrif aðild að verkefni eins og Skrekk hefur á líðan og sjálfsmynd ungmenna, auk þess að skoða hvaða áhrif þátttaka hefur á skólabrag og skólamenningu.

Niðurstöður sýna að þátttakendur í Skrekk upplifðu verkefnið sem valdeflandi þátt í námi sínu í gegnum félagsleg tengsl þar sem þátttaka var bæði jákvæð og uppbyggjandi. Þetta samræmist kenningu Deweys (2000) sem bendir á að menntun sé félagslegt ferli sem byggir á jákvæðri reynslu auk þess sem nemendur eflist þegar þeir taka þátt í eigin námi þar sem reynsla þeirra er metin að verðleikum. Østern og Channells (2016) taka undir og telja að menntun verði að vera djúp upplifun þar sem nemandinn eigi aðild að eigin námi með gagnrýnu hugarfari og reyni að skilja nýja þekkingu út frá fyrri reynslu.

Með þátttöku í Skrekk upplifðu nemendur hvernig þeir kynntust samnemendum sínum, þvert á árganga, á nánari og persónulegri hátt þar sem dýrmætar minningar og jafnvel ný vinatengsl urðu til. Þeir upplifðu einnig að samskipti urðu auðveldari og óþvingaðri á göngum skólans. Það samræmist O'Neill (2013) og Anderson (2012) sem telja listirnar eflandi og hvetjandi þátt í námi sem auki forvitni og sköpunarkraft og eflir færni til samvinnu og samskipta til framtíðar.

Rannsókn Rannveigar Bjarkar Þorkelsdóttur (2016) sýndi fram á að hver hópur ungmenna setur sínar eigin reglur og viðmið sem endurspeglar hegðun þeirra og viðhorf. Hver einstaklingur mátar sig innan síns hóps og í gegnum hópvitundina þroska einstaklingar með sér hæfni til að geta tjáð sitt félagslega sjálf. Það var áberandi hversu miklar breytingar þátttakendur upplifðu á líðan og samskiptum í formi trausts með þátttöku sinni í Skrekk þar sem samkennd var áberandi þáttur. Neelands (2015) og Anderson (2015) benda á að listir geti haft breiða skírskotun í formi umbreytinga á lífi fólks og samfélagi og Rannveig Björk Þorkelsdóttir (2016) bætir við að nemendur í leiklist

Þroski tilfinningar sínar með samkennd og sjálfstjórn sem efla félagslega hæfni þeirra og samvinnu. Þannig eru nemendur reiðubúnari til að hlusta og hvetja hver annan til dáða, meðal annars í hugmyndavinnu og útfærslu verkefnis. Flestir viðmælendur nefndu að það hefði verið jákvæð reynsla og auðveldara en þeir héldu að deila hugmyndum sínum innan hópsins, jafnframt því að hlusta á hugmyndir annarra, þar sem þeir náðu að spegla og skerpa eigin sýn og annarra á jákvæðan hátt í traustu umhverfi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við kenningar Eisners (2002) sem segir eðli lista vera að skoða efni út frá ólíkum sjónarhornum þar sem líkami og hugur nemenda er virkjaður til að kanna hvernig viðfangsefni raðast saman. Fleming (2012) heldur því fram að listir auki skilning á heiminum þar sem þær víkka sjóndeildarhring fólks og ríkjandi hugmyndafræði. Með listsköpun verða til tækifæri til að rannsaka og meta listir frá mörgum sjónarhornum svo að til verði aukin þekking í gegnum reynslu og skilning. Kenningar Neelands (2015) undirstrika þessar niðurstöður en hann leggur áherslu á að listir séu kröftug leið til að takast á við reynslu sína, auk þess sem þær efla velsæld og seiglu ásamt félagslegri samheldni.

Vinnuferlið í Skrekk einkenndist af lýðræði þar sem áberandi þættir voru samvinna, jafnrétti, virkni, skapandi hugsun, hlustun, gagnkvæm virðing og viðurkenning ásamt réttlæti, gagnrýninni samræðu, þátttöku og jafnrétti (sjá Ólaf Pál Jónsson og Þóru Björgu Sigurðardóttur, 2012). Óhætt er að segja að miklar umbreytingar eigi sér stað hjá þátttakendum í Skrekk í formi jákvæðrar upplifunar. Þeir eflast við samvinnu og uppbyggilegar samræður þar sem skoðanaskipti á jafnréttisgrunni eru í hávegum höfð. Skapandi hugmyndir verða til með miðlun sem endurnýjast um leið. Þetta samræmist hugmyndum Neelands (2015) og Andersons (2015) sem segja listirnar vera umbreytandi á marga vegu þar sem efniviðurinn tekur stöðugt breytingum. Hugmyndir umbreytast í veruleika, samvinnan umbreytir þeim manneskjum sem taka þátt, þar sem veruleikinn er dreginn í efa og endurhugsaður. Þannig á sér stað félagsleg umbreyting í gegnum listir.

Þátttaka í Skrekk sýndi fram á að vinátta og nán félagsleg tengsl sem myndast, þvert á árganga, geri það að verkum að öll samskipti á göngum og í skólastofum verða auðveldari þar sem sameiginlegur skilningur og virðing myndast meðal nemenda. Þetta samræmist rannsókn Rannveigar Bjarkar Þorkelsdóttur (2016) sem gaf til kynna að þátttaka nemenda í leiklist væri ávinningur fyrir allt skólasamfélagið þar sem ólíkir einstaklingar ynnu saman og listirnar hefðu eflandi og skapandi áhrif á hugsun nemenda.

Áhrif þátttöku í Skrekk á skólasamfélagið



Mynd 1. Áhrif þátttöku í Skrekk á skólasamfélagið.
© Jóna Guðrún Jónsdóttir, 2020

Aðild að Skrekk jók á stolt nemenda, bæði þátttakenda og áhorfenda þáttökuskóla, svo og þeirra nemenda sem fylgdust með úr fjarlægð. Þannig urðu bæði þátttakendur og áhorfendur hluti af Skrekkssamfélaginu (sjá *Mynd 1*). Ætla má að þátttaka í Skrekk hafi þannig jákvæð áhrif á viðhorf og nám nemenda í skólanum. Einnig má ætla að sú samkennd og það hvetjandi hugarfar sem nemendur tileinka sér í Skrekk geti smitað út frá sér til skólasamfélags í heild sinni. Það er í takt við kenningar Flemings (2006) sem bendir á að listirnar geti haft jákvæð áhrif á menningu innan skóla þar sem þær hafi breiða skírskotun í formi umbreytinga á lífi fólks og samfélagi. Þar sem listir eru í boði sé viðhorf nemenda jákvæðara en ella sem geti aftur haft áhrif á almenna hæfni nemenda í námi. Auk þess má segja að með þátttöku í Skrekk upplifi bæði þátttakendur og áhorfendur sameiginlega reynslu leikhússins og listarinnar og sái þannig fræjum sem hugsanlega eiga eftir að blómstra. Fleming (2006) bendir enn fremur á mikilvægi þess að menntun byggji ekki einungis á því sem námskráin hefur að bjóða, heldur birtist ekki síður í að skapa jákvæða menningu innan skólans. Sýnt hafi verið fram á að þar sem boðið sé upp á mikla listkennslu sé viðhorf nemenda jákvæðara, og það hafi aftur áhrif á almenna hæfni þeirra.

Lokaorð

Niðurstöður sýna að þátttakendur í Skrekk upplifðu verkefnið sem valdeflandi þátt í námi sínu. Þátttaka í verkefninu var bæði jákvæð og uppbyggjandi og efldi félagsleg tengsl. Nemendur kynntust hverjir öðrum, þvert á árganga. Þau jákvæðu tengsl og það uppbyggjandi andrúmsloft sem myndaðist innan hvers Skrekkshóps gerði það að verkum að nemendur áttu auðveldara með að tjá sig á áreynslulausan hátt og hlusta af virðingu og gagnkvæmu trausti á samnemendur sína. Þátttakendur áttu auðveldara með að deila hugmyndum sínum og skoðunum. Eins náðu þeir að aðstoða hver annan á valdeflandi hátt. Virðing gagnvart verkefninu og ekki síður einstaklingum innan hópsins var áberandi þáttur í öllu ferlinu. Nemendur litu á sjálfsákvæðanatöku sem eflandi þátt í vinnuferlinu. Þeir upplifðu að þeir væru við stjórnvölinn og bæru sjálfir ábyrgð á námi sínu. Nemendur uppgötvuðu nýjar hliðar á sjálfum sér og áttu auðveldara með að skoða og deila tilfinningum sínum. Með samvinnu og gagnkvæmri hlustun fannst þeim þeir öðlast nýja reynslu og nýja sýn á sjálfa sig og aðra. Þeir upplifðu aukinn þroska og sjálfstraust með aukinni velsæld og sjálfsefningu sem eru mikilvægir þættir í að styrkja sjálfsmynd þeirra. Nemendur upplifðu jöfn tækifæri til skoðanaskipta. Þeir voru mjög meðvitaðir um réttlæti og jafnræði þar sem allir fengu tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Þau félagslegu tengsl sem þeir mynduðu í Skrekksverkefninu höfðu áhrif á skólasamfélagið í heild sinni. Þeir störfuðu þvert á árganga og kynntust innbyrðis. Samskipti á göngum skólans urðu afslappaðri og það skapaðist sameiginlegur skilningur og virðing meðal nemenda. Á þann hátt urðu listirnar þáttur í reynslunámi nemenda. Þessi rannsókn er innlegg í áframhaldandi rannsóknir og munu höfundar halda áfram að skoða áhrif Skrekks á skólasamfélagið út frá fleiri sjónarhornum en hér er gert.

Þakkir

Rannsóknin sem greinin byggir á er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og fær hann þakkir fyrir.

Time to remember: Students benefit from participation in Skrekkur, a talent competition for lower secondary schools in Reykjavík.

The aim of this article is to shed light on how participation in projects such as Skrekkur, a talent competition for lower secondary schools in Reykjavík, affects the well-being and self-image of young people. The article will also attempt to clarify the nature of arts education among 13–15 year old students and explain the effect of a project such as Skrekkur on the school community and wider society. The article builds on Jóna Guðrún Jónsdóttir's M.Ed. thesis *How to wake up the arts in oneself*. There has been a major change in education in Iceland in recent decades. The education policy published in the National Curriculum for Compulsory Schools from 2013 emphasizes six fundamental pillars of education; that is, literacy, sustainability, health and well-being, democracy and human rights, equality and creativity. Among other things, the curriculum states: "Compulsory school should develop students' skills in the spirit of the six fundamental pillars and prepare them for participation in a democratic society" (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). The arts make a strong claim to being part of the educational system. Through the arts, students can construct aesthetic knowledge and deepen their human impulses and human experiences. Through drama, dance and music young people gain the opportunity to perform seven minutes of production in Skrekkur, a talent competition for lower secondary schools in Reykjavík which a group of 35 students have created as their own from beginning to end. The project is a cooperative venture of the compulsory school and the Reykjavík Municipality Department of Recreation and Youth. This venture is created for the benefit of the young people themselves and also in support of the school community and wider society. The goal of the project is, among other things, to practice cooperation, strengthen self-esteem and compassion, and broaden horizons. Through drama, dance and music the students can learn to interact with one another in a safe space and try out different societal roles. Through role play students have the opportunity to explore aspects of what it means to be human, democracy and critical thinking through experiential learning. Studying through the arts teaches students to express themselves in a different way than going by the book. Andersen (2012), Neelands (2015) and Rannveig Björk Porkelsdóttir (2018), believe that drama is a mode of transformative learning. The research sets out to discover how participation in Skrekkur affects young people's well-being and self-esteem in compulsory education in Reykjavík. The overarching research questions are: How does participation in Skrekkur affect young people's well-being? How does participation in Skrekkur affect the students' self-esteem? What is the impact of participation on the school community and school culture? An ethnographic study was carried out within a socio-cultural framework of understanding. Interviews were conducted in seven compulsory schools in Reykjavík, with students, teachers and headmasters under participants' observation. The results showed that participation in Skrekkur positively affects the wellbeing and self-image of young people, especially when they are given the opportunity to work from their own experience of education and democratic values. The study also showed that participation in Skrekkur benefits the school community, as strong team unity formed around the competition. Students got to know other students from different year classes and it turned out that they regarded their participation as a very valuable time resulting in positive memories. Participation increased the students' self-pride; this applied both to the participants and spectators from the participating schools as well as to students who watched by distance. Thus, participants and spectators became part of the Skrekkur community, where social bonds were formed, as well as cultural and social influences that supported the school community as a whole. In this way, the arts became part of the students' experiential learning.

Key words: Arts education, drama education, experiential learning, democracy, school culture

Um höfundana

Jóna Guðrún Jónsdóttir (jonag@hi.is) er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk kennsluréttindanámi frá HÍ árið 2005 og meistaraþráðu í kennslu listgreina 2020. Jóna Guðrún hefur um 20 ára kennslureynslu á öllum skólastigum. Hún hefur sérhæft sig í leiklistarkennslu og áhrifum leiklistar í tengslum við nám barna. Rannsóknarsvið hennar tengist meðal annars listkennslu, fjölmenningu og leiklist.

Rannveig Björk Þorkelsdóttir (rbth@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk B.Ed.-prófi frá Háskóla Íslands árið 2003, M.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá sama skóla árið 2009 og M.A. prófi í hagnýtri menningarmiðlun frá sagnfræði- og heimspekideild árið 2012. Hún lauk doktorsprófi frá Kennaradeild Norska tækni- og vísindaháskólans, (NTNU) í Þrándheimi 2016 þar sem hún skrifaði um innleiðingu leiklistar í grunnskóla á Íslandi. Rannsóknarsvið Rannveigar tengist meðal annars listkennslu og leiklist.

About the authors

Jóna Guðrún Jónsdóttir (jonag@hi.is) is an adjunct lecturer at the University of Iceland, School of Education. She completed her teaching qualification from the University of Iceland in 2005 and an M.Ed. in Arts Education, also from the University of Iceland, in 2020. Jóna Guðrún has about 20 years of teaching experience at all school levels. She has specialized in Drama Education and the impact of drama in relation to children's learning. In her research and practice she focuses on drama and artistic approaches to teaching and learning as well as multiculturalism.

Rannveig Björk Thorkelsdóttir (rbth@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland, School of Education. She completed her B.Ed. degree from the University of Iceland in 2003, an M.A. degree in Educational Theory in 2009 and an M.A. degree in applied studies in Culture and Communication from the University of Iceland Faculty of History and Philosophy in 2012. She holds a Ph.D. from the Norwegian University of Science and Technology (NTNU) with emphasis on drama and theatre study. In her research and practice she focuses on drama and artistic approaches to teaching and learning.

Heimildir

- Anderson, M. (2012). *Masterclass in drama education. Transforming, teaching and learning*. New York: Bloomsbury.
- Anderson, M. (2015). Drama, creativity and learning. Í S. Schonmann (ritstjóri), *International yearbook for research in arts education* (bls. 235–240). New York: Waxmann.
- Bergmann, S. (1995). Creative dance in the education curriculum: Justifying the unambiguous. *Canadian Journal of Education / Revue canadienne de l'éducation*, 20(2), 156–165. Sótt af https://www.jstor.org/stable/1495274?seq=1#metadata_info_tab_contents
- Brown, A. K. (2015). Why teach dance notation? Í S. Schonmann (ritstjóri), *International yearbook for research in arts education* (bls. 119–123). New York: Waxmann.
- Dewey, J. (1916). *Democracy and Education*. Gutenberg. Sótt af <https://www.gutenberg.org/files/852/852-h/852-h.htm>
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Dunbar, R. I. M., Baron, R., Frangou, A., Pearce, E., van Leeuwen, E. J. C., Stow, J., Partridge, G., . . . van Vugt, M. (2012). Social laughter is correlated with an elevated pain threshold. *Royal Society of London. Series B, biological sciences*, 279(1731), bls. 1161–1167. doi:10.1098/rspb.2011.1373
- Eisner, E. W. (2002). *The arts and the creation of mind*. New Haven & London: Yale University Press.
- Fleming, M. (2006). Justifying the arts: Drama and intercultural education. *The Journal of Aesthetic Education*, 40(1), 54–64. Sótt af https://www.jstor.org/stable/4140217?seq=1#metadata_info_tab_contents
- Fleming, M. (2012). *The arts in education. An introduction to aesthetics, theory and pedagogy*. London: Routledge.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2010). Hugmyndir um uppruna tónlistar í ljósi þekkingar af vettvangi heilarannsóknna og tónlistarrannsóknna. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/014.pdf>
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Heimspekistofnun Háskóla Íslands
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: User's guide* (3. útgáfa). London: Sage.
- McFerran, K. (2012). Music and adolescents. Í N. S. Rickard og K. McFerran (ritstjórar), *Lifelong engagement with music. Benefits for mental health and well-being* (bls. 97–108). London: Nova Science Publishers.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Höfundur.
- Neelands, J. (2015). Art makes children powerful: Art for the many not the few. Í M. Fleming, L. Bresler og J. O'Toole (ritstjórar), *The Routledge international handbook of the arts and education* (bls. 410–417). London: Routledge.
- Ofer, S. (2015). Movement literacy: Implementing dance notation studies into educational dance curriculum. Í S. Schonmann (ritstjóri), *International yearbook for research in arts education* (bls. 124–128). New York: Waxmann.
- O'Neill, C. (2013). Foreword. Í M. Anderson og J. Dunn (ritstjórar), *How drama activates learning. Contemporary research and practice* (xix–xxi). London: Bloomsbury.
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Reykjavík: Heimspekistofnun Háskóla Íslands.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun. Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi, grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2016). *Understanding drama teaching in compulsory education in Iceland* (doktorsritgerð). Prándheimur: Norwegian University of Science and Technology,
- Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2018). Margbrotið hlutverk leiklistarkennarans í kennslu leiklistar í tengslum við innleiðingu á leiklist. *Sérrit Netlu – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/07.pdf
- Shafer, A. og Blakeslee, M. (2000). Talking points. Í A. Shafer og M. Blakeslee (ritstjórar), *Music makes the difference. Music, brain development and learning* (bls. 241–250). Virginia: The National Association for Music Education.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219–235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014). *Skrekkur*. Hæfileikakeppni skóla- og frístundasviðs. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymsis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_rynihops_skrekks-020914_loka_2.pdf

- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 299–312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Tochon, F. V. (2010). Deep education. *Journal for Educators, Teachers and Trainers 1*, 1–12. Sótt af https://www.researchgate.net/publication/235902039_Deep_Education
- Vísindasiðareglur Háskóla Íslands. (2014). Sótt af https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log_og_reglur/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf
- Wilcox, E. (2000). Straight talk about music and brain research. Í A. Shafer og M. Blakeslee (ritstjórar), *Music makes the difference. Music, brain development and learning* (bls. 10–15). Virginia: The National Association for Music Education.
- Østern, T. P. (2015). To body. Í S. Schonmann (ritstjóri), *International yearbook for research in arts education* (bls. 152–155). New York: Waxmann.
- Østern, T. P. og Channells, P. (2016). Deep learning and teaching as affordances of inclusive dance and arts education. Í A. B. Sæbø (ritstjóri), *International yearbook for research in arts education* (bls. 123–131). New York: Waxmann.



Jóna Guðrún Jónsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2020).

Tíminn sem ég man eftir: Ávinningur nemenda af þátttöku í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2020/ryn/11>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2020.11>